

## REGLUGERÐ

### um (9.) breytingu á reglugerð nr. 630/2014 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í raf- og rafeindabúnaði.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á III. viðauka reglugerðarinnar:

Við bætast tveir nýir töluliðir, svohljóðandi:

43	<p>Bis(2-etylhexýl)palat í gúmmíhlutum í hreyflakerfum sem eru hönnuð til notkunar í búnað sem er ekki eingöngu ætlaður til notkunar neytenda og að því tilskildu að engin mýkt efni komist í snertingu við slímhúð manna eða í langvarandi snertingu við húð manna og að styrkur bis(2-etylhexýl)palats fari ekki yfir:</p> <p>a) 30% miðað við þyngd gúmmísins fyrir</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>i. þekjuefni í þéttum,</li> <li>ii. gegnheil gúmmíþétti eða</li> <li>iii. gúmmíhluti í samsetningum af a.m.k. þremur íhlutum sem eru rafknúnir, vélknúnir eða vökvaknúnir og festir við hreyfilinn.</li> </ol> <p>b) 10% miðað við þyngd gúmmísins fyrir íhluti sem innihalda gúmmí sem ekki er getið í a-lið. Að því er varðar þessa færslu er „langvarandi snerting við húð manna“ samfelld snerting sem stendur lengur en í 10 mínútur eða ósamfelld snerting á 30 mínútna tímabili á dag.</p>	Gildir um 11. flokk og fellur úr gildi 21. júlí 2024.
44	<p>Blý í lóðningarefni fyrir skynjara, hreyfiliða og stýrieiningar hreyfils í brunahreyflum innan gildissviðs reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1628 sem eru settir upp í búnaði sem er notaður í fastri stöðu á meðan á notkun stendur og er hannaður til notkunar í atvinnuskyni en er einnig notaður í öðrum tilgangi en í atvinnuskyni.</p>	Gildir um 11. flokk og fellur úr gildi 21. júlí 2024.

#### 2. gr.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á eftirtöldum EES-gerðum:

1. Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1845 frá 8. ágúst 2019 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir bis(2-etylhexýl)palat (DEHP) í tilteknum gúmmíhlutum sem eru notaðir í hreyflakerfum, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni, sem vísað er til í tölul. 12q, XV. kafla II. viðauka sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2020 frá 7. febrúar 2020.
2. Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1846 frá 8. ágúst 2019 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í lóðningarefni sem er notað í tiltekna brunahreyfla, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni, sem vísað er til í tölul. 12q, XV. kafla II.

viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2020 frá 7. febrúar 2020.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 9. tölul. 1. mgr. 11. gr. efnalaga nr. 61/2013.  
Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 19. maí 2020.*

**Guðmundur Ingi Guðbrandsson.**

\_\_\_\_\_  
*Sigríður Auður Arnardóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 29. maí 2020